

88. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn í Skor þekkingarsetri að Aðalstræti 53 á Patreksfirði, miðvikudaginn 26. september 2012 kl. 19:00.

**Mættir :**

Björgvin Sigurjónsson, Egill Ólafsson , Magnús Ólafs Hansson, Margrét Magnúsdóttir bókari safnsins og Heiðrún Eva Konráðsdóttir forstöðumaður safnsins.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

**Dagskrá:**

1. Heimasíða safnsins til framtíðar
2. Milliuppgjör (fyrstu átta mánuði ársins)
3. Prókúruumboð fyrir forstöðumann
4. Greinargerð forstöðumanns fyrir sumarið 2012
5. Önnur mál

Magnús Ólafs Hansson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

**Hér var gengið til dagskrár.**

1. Forstöðumaður setti upp bráðabirgðaheimasíðu fyrir safnið í júní mánuði sl. ásamt því að opna Facebook síðu fyrir safnið. Ætlunin er að endurbæta síðuna fyrir komandi sumar. Forstöðumanni falið að kanna með kostnað við gerð nýrrar síðu.
2. Fyrir liggur bráðabirgða milliuppgjör fyrstu átta mánuði þessa árs. (Meðfylgjandi). Jákvæður viðsnúningur er á fjárhag safnsins frá fyrra ári og er það vel.
3. Ákveðið er að veita Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur forstöðumanni safnsins umboð / prókúruumboð til úttekta og notkunar debetkorta / kreditkorta á eftirtöldum reikningum Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti í banka 0153 höfuðbók 15 reikningur 560109 - í banka 0153 höfuðbók 26 reikningur 001569 og í banka 0153 höfuðbók 26 reikningur 010025
4. Forstöðumaður safnsins flutti yfirgripsmikla greinargerð vegna starfssemi safnsins frá því hún tók við starfinu í apríl mánuði sl. Fram kemur m.a. í greinargerðinni að 2.178 gestur greiddi sig inn á safnið sl. sumar. Greinargerðin fylgir fundargerð þessari.
5. a. Stjórn safnsins þakkar Guðjóni Bjarnasyni í Hænumík fyrir að hafa lagfært umhverfi minnisvarða við minjasafnið að Hnjóti sl. sumar. Minnisvarðinn var afhentur safninu í október árið 1998 en hann var reistur til að minnast afreka íslenskra björgunarmanna við björgun innlendra og erlendra sjómanna úr sjávarháská og til minningar um þá sem ekki varð bjargað. Honum eru einnig þökkuð umsjónarstörf í og við safnið á umliðnum árum.  
Þá er starfsmönnum Vegagerðarinnar á Patreksfirði færðar þakkir fyrir að lagfæra aðkomuplaníð fyrir framan safnið sl. sumar.  
Forstöðumanni falið að senda þakkarbréf til hlutaðeigandi.
- b. Forstöðumaður lagði fram aðgerðarlista vegna aðkallandi verkefna.

Skv. listanum telur hún nauðsynlegt að vinna að eftirfarandi sem fyrst :

1. Nauðsynlegt er að fá forvörð á safnið sem myndi fara yfir muni safnsins og gefa skýrslu um hvaða munir þurfa forvörslu og leiðbeiningar um bestu varðveisluskilyrðin.
2. Athuga þarf hvort raka og hitastig sé rétt í safninu og í geymslum þess. Margir munir í safninu og í geymslum þurfa sérstaka forvörslu og þarf að huga vel að því. Bækur, timbur, ljósmyndir, járn, fatnaður ofl. er allt geymt á sama stað. Þessir hlutir þurfa mismunandi varðveisluskilyrði. Fyrsta koma forvarðar má reikna með nokkrum dögum.
3. Skoða þarf húsakost safnsins og meta hvort viðgerða er þörf. Leki er á safninu undir opnanlega hleranum á nýju safnálmunni og einnig í bíslaginu við innganginn. Einig lekur inn um hurðina í innganginum að framan. Einig þarf að athuga með öryggis og brunakerfi á safninu. Hvort endurnýja þurfí það kerfi sem er til staðar í safnahúsinu sjálfu. Ekkert öryggis- né brunakerfi er til staðar í geymsluhúsnæði safnsins í Hvammsholti.
4. Fá hingað sérfræðing um báta til að taka út báta safnsins t.d. Mumma og Skúla. Gefa skýrslu um hvað þurfi að gera til að varðveita þá sem best. Bátar fara ekki vel á því að standa úti upp á landi. Þörf er á viðhaldi.
5. Þörf er á að yfirlara bíla sem safnið á í sinni vörslu og fá sérfræðinga á því sviði til að skoða þá og leiðbeina um bestu varðveisluna. Willys jeppinn B-41 sem safnið fékk afhentan í sumar var í gangfæru ástandi þegar hann kom á safnið og væri gaman að geta komið honum í það ástand aftur.
6. Brýnt er að fara í skráningu á munum safnsins. Mjög mikið er af óskráðum munum bæði í geymslum á safninu sjálfu og í geymslu í Hvammsholti. Þessi skráning krefst mikillar vinnu og má reikna með mörgum ársverkum eingöngu í skráningu. Áætla mætti 5-6 ára vinnu ef ekki meira. Óskandi væri að fá utanað komandi aðstoð starfskrafts.
7. Mikilvægt er að vinna góða markaðsvinnu til að reyna fjölgum gestum inn á safnið. Með stöðugri fjölgun ferðamanna út á Látrabjarg ætti að vera hægt að fjölgum gestum safnsins. Umferðin er mikil út á Látrabjarg og því þarf að gera eitthvað til að ná fólkini inn á safnið. Einn liður í því gæti verið að fegra umhverfi safnsins.
8. Ganga þarf eftir lögreglumálinu sem upp kom í sumar vegna soðhellunar og hestasteinanna. Gefendur soðhellunnar komu á safnið í sumar og vildu að hún yrði sett á sama stað aftur.
9. Koma þarf túrbínu sem gefin var safninu, sem staðsett er við Vatnagarðaskýlið í Örlygshöfn að safninu
10. Íbúðarhúsið í Miðgarði þarf á endurbótum að halda. Báðar útidyrahurðir eru mjög óþéttar. Framan til lekur undir þróskuldinn ef rignir í ákveðinni átt. Lang flestar rúður í húsinu eru ónýtar. Grindverk fyrir framan húsið þarfnaðast viðgerðar.
11. Taka þarf niður auglýsingaskilti í Ósabotni og við safnið sjálft og koma þeim í geymslu fyrir veturinn.

- c. Samkvæmt upplýsingum frá lögmanni safnsins, Birni Jóhannessyni, verður þinghald hjá Héraðsdómi Vestfjarða 3. október nk. kl. 10.50 vegna aðfararbeiðni safnsins á hendur Kristni Þór Egilssyni þar sem krafa er gerð um afhendingu á gömlu slökkvibreiðinni, fyrrum Patrekshrepps sem ber einkennisstafina B-598 ásamt tilheyrandi búnaði
- d. Stjórnin þakkar forstöðumánni og starfsfólki vel unnin störf fyrir safnið í sumar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.20

Magnús Ólafsson  
Magnús Ólafs Hansson

Björgvin Sigrúnsson  
Björgvin Sígurjónsson

Egill Ólafsson  
Egill Ólafsson

Margrét Magnúsdóttir  
Magrét Magnúsdóttir

Heiðrún Eva Konráðsdóttir  
Heiðrún Eva Konráðsdóttir